

Ed.

24. Frumvarp til laga

[19. mál]

um breyting á lögum nr. 27 29. maí 1957, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Alfreð Gíslason, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:
gg. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af jarðborum, sem notaðir eru til að bora eftir gufu eða heitu vatni, og tækjum til þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hagnýting jarðhitans er eitthvert mesta hagsmunamál Íslendinga. Þær hitaveituframkvæmdir, sem þegar hafa átt sér stað, hafa sparað þjóðinni geysimikinn gjaldeyri, og eru þá ótalin þau þægindi og hollusta, sem hitaveitunni fylgja.

Frá sjónarmiði þjóðarhags eru engar framkvæmdir arðbærari en þær, sem miða að aukinni hagnýtingu jarðhitans. Það hlýtur því að teljast skylda ríkisvaldsins að efla þær og styrkja á allar lundir, m. a. með því að gera þær sem ódýrastar þeim aðilum, sem í þær ráðast.

Eitt mesta átakið, sem til þessa hefur verið gert til hagnýtingar jarðhita, er það, þegar ríkið og Reykjavíkurbær sameinuðust um kaup á stórvirkum jarðbor til slíkra framkvæmda nú nýlega. Það virðist óeðlilegt, að lögð séu há aðflutningsgjöld á slík tæki. Virðist eigi meiri ástæða til að krefjast fullra aðflutningsgjalda af þeim en ýmsum þeim tækjum, er njóta undanþágu samkvæmt gildandi lögum um tollskrá.

Notaðar hafa verið heimildir til ívilnana samkvæmt lögum um tollskrá, t. d. þegar um er að ræða garn og vélar til veiðarfæragerðar, jeppabifreiðar, efni, vélar og tæki í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands, og ýmislegt fleira. Þá má benda á, að landbúnaðarvélar og áhöld eru í mjög lágum tollflokki. Þetta byggist að sjálfsgöðu á því, að hér er um að ræða tæki til gjaldeyrisöflunar eða gjaldreyrissparnaðar í einu eða öðru formi. En það á ekki síður við um tæki til jarðborana, sem þetta frumvarp fjallar um.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur gert svofellda ályktun:

„Bæjarstjórnin skorar á ríkisstjórn og Alþingi að fella niður eða lækka verulega gjöld til ríkissjóðs af jarðbor, sem nýlega hefur verið keyptur til landsins sameiginlega af ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur, samkv. samningi, dags. 18. okt. 1956.“

Vænta flutningsmenn þess, að hv. Alþingi sjái sér fært að styðja þetta þjóðnytjamál svo sem farið er fram á.